17. Hvað er að gerast í uppeldismálum bæjarins? Rúðubrot unglinga í Sundhöll Reykjavíkur.

---

1 blað qto.

Eigi allangt frá Austurbæjar-Barnaskóla Reykjavíkur stendur stórhýsi eitt, er Sundhöll Reykjavíkur nefnist, sem ótvírædlega ber þess merki hvernig sidmenningarástandi barna og unglinga höfudstadar landsins nú er farid: Á nedri hæd húss þessa er fjöldi glugga med allt ad 500 rúdum og hafa flestar þeirra verid brotnar mélinu smærra í vetur, eda um 460 alls á þeirri hæd. Á efri hæd hússins og þar eru einnig margir gluggar og enn fleiri rúdur, sem ad því er séd verdur eru einnig brotnar á sama hátt og hinar, med því ad kastad hefir verid steinum inn um allar brotnu rúdurnar.

Þad er engin furda, þótt fullordnum og alvarlega hugsandi mönnum, er líta slíkt hermdarverk, verdi þad á ad spyrja: Hvad er annars ad gerast hér í þessum bæ og hvad veldur slíkri framferdi?

Sennilega er ekki börnum einum um ad kenna, heldur öllu — fremur stálpudum óþokkastrákum, afvegaleiddum uppalningum gjöreydenda eda kommúnista, sem þeir eru alment nefndir, enda er þad nú svo, ad fólki, sem um götur bæjarins gengur, er hvergi óhætt ordid fyrir grjótkasti slíkra óþokkagemlinga, ýmist fasthnodudum snjóhnullungum med steini innan í, eda beinlínis beru grjóti og ömurleg tilhugsun hlýtur þad ad vera fyrir marga kennara Austurbæjar-skólans og þá eigi síst skólastjórann þar, ad svo áberandi vegsummerki slíkrar sidmenningar skuli sjást á stórhýsi, sem næst stendur barnaskólanum og ~~næst~~ blasir vid augum barnanna, er þau koma út á leikvöll sinn úr skólanum.